

# Nokkrar blaðfréttir af veðri í þorralok 1940

Mánudagur 19.febrúar 1940:

Alþýðublaðið:

Snjórinn kominn Eftir hinar miklu stillur og góðviðri undanfarandi vikur, fór að snjóa á laugardagskvöldið og er nú snjódýpt hér um 10 cm. Veðrið er þannig úti um landið: Norðvestanátt á Vestur- og Norðurlandi með 4-6 stiga frosti. Sums staðar hefir snjóað töluvert, en sums staðar ekkert. Á suður- og austurströndinni er sunnanátt, 3-5 stiga hiti og rigning. Lína þíðviðristakmarkanna er frá Eyrarbakka til Vopnafjarðar. Viða hefir snjóað töluvert, og er snjódýpt allvíða yfir 15 cm. Sunnanlands er snjódýptin 10 - 20 cm. Útlit er á, að norðanátt haldist vestan- og norðanlands. Loks er þá kominn snjórinn, sem skíðamenn hafa beðið eftir í allan vetur.

Þriðjudagur 20.febrúar:

Morgunblaðið:

Ófært austur yfir fjall. Búist við áframhaldandi fannkomu: Geysimikinn snjó hefir.hlaðið niður hjer í bænum og nágrenni undanfarna daga og Veðurstofan spáir áframhaldandi snjókomu í dag og kaldara veðri. Umferð hefir teppst vegna snjóa á Hellisheiði, en fært var í gær suður með sjó og í Mosfellssveit og Kjalarness. Frá Steindóri fór bíll í gær austur og komst að Kolviðarhól en bílar, sem ætluðu að austan, komust ekki vestur yfir fjall. Skíðafólkið ljét ekki sitt eftir liggja, loksins þegar snjórinn kom. Fór fjöldi skíðafólks út úr bænum á sunnudagsmorgun, en sumir ljetu sjer nægja að æfa sig í skíðagöngu hjer í bænum eða við bæinn. Nokkrir hópar skíðafólks fóru úr bænum á laugardag áður en fór að snjóa, í þeirri von, að „það myndi snjóa“!! Haldist þessi snjór eitthvað, að ráði, má búast við að líf fari að færast í skíðafjelögin og skíðafólkið.

Snjóþyngsli á Akureyri: Frjettaritari vor á Akureyri símar, að óvenjumiklum snjó hafi kyngt niður þar um helgina og í gær. Mikil ófærð er orðin á götum á Akureyri. Rafstraumur féll niður frá Laxárstöðinni nýju til Akureyrar á sunnudagskvöld vegna krapastíflu og var settur straumur á bæjarkerfið til ljósa frá gömlu rafstöðinni í Glerárgili. Um 2 leytið í gær komst rafmagnið aftur í lag frá Laxárstöðinni. Frá Ísafirði barst einnig frjett um mikla snjókomu, en þar hefir verið blíðuveður síðan um nýár.

Tíminn:

Hin síðustu dægur hefir fallið meiri snjór í Reykjavík heldur en áður i vetur, enda verður varla sagt, að fólvað hafi fyrr, að undanskildu einu sinni i haust. Byrjaði að hreyta úr lofti aðfaranótt sunnudags og hefir hríðað síðan öðru hvoru. Annars mun snjókoman hafa verið mest þessi dægur í uppsveitunum austan fjalls, og einnig hefir allmikið snjóað um miðbik Norðurlands, i Eyjafirði og víðar. í Skagafirði hefir lítið snjóað.

Vísir:

Óvenjuleg snjóþyngsli: Snjóþyngsli eru nú mjög mikil alstaðar í nágrenni Beykjavíkur. Hefir hlaðið niður snjó síðan á laugardag svo að vegir eru orðnir ófærir, þegar eitthvað kemur út fyrir bæinn að ráði. í gær lagði bíll af stað austur yfir fjall frá Steindóri. Hann komst að Kolviðarhól en varð að snúa þar til baka. Að austan ætlaði áætlunarbíll frá Bifreiðastöð Íslands, en varð að snúa aftur í Kömbum vegna snjóþyngsla. Og í dag munu engar tilraunir verða gerðar til að brjótast yfir heiðina. Suður með sjó er ófært fyrir bifreiðar, svo samgöngur þangað suður eru tepptar sem stendur. Bílar hafa komist til Hafnarfjarðar, en þar er kafófærð og nærri ómögulegt fyrir bila að komast í gegnum bæinn. Bílar hafa lagt af stað upp í Kjós og Mosfellssveit. Það voru ekki komnar fréttir af Kjósarbílum, sennilega er hann tepptur, en Mosfellssveitarbíllinn strandaði á Blikastöðum og komst þá ekki lengra fyrir snjóþyngslum. Vegna snjóþyngslanna og hinna erfiðu samgangna við nærsveitirnar dregur óhjákvæmilega úr mjólkurflutningum til bæjarins. Ef færðin batnar ekki von bráðar, má búast við að þeir teppist því sem næst alveg og að mjólkurskortur verði í bænum, nema að hún verði sótt upp í Borgarnes á skipi. Þrátt fyrir snjóinn um helgina fór ekki eins margt fólk út úr bænum eins og við

hefði mátt búast, eftir jafn auðan og hlýjan vetur þegar aldrei hefir verið fært á skíðum. Það var helst í nágrenni við bæinn sem fólk sást á skíðum. Ármenningar fóru í Jósefsdal, á Kolviðarhóli var ekkert skíðafólk, en upp í skíðaskála fór einn bíll á sunnudagsmorguninn og fáeinir Í.R.-ingar fóru upp í skíðaskála sinn. Skíðafari var yfirleitt ekki gott, snjórinn svo laus og mjúkur. – Í morgun fóru nemendur úr Gagnfræðaskóla Reykvíkinga í skíðaferð upp að Lögbergi. En bifreiðarnar strönduðu hjá Hólmi og vegna þess hve veðrið var vont, hætti fólknið við að stíga á skíði og snéri aftur til bæjarins. Hún það hafa verið eina skíðafólkið, sem fór burt úr hænum í morgun. Í öðrum kaптúnunum landsins, bæði að vestan og norðan, hafa birst fregnir um mikla fannkomu. Á Akureyri tók af rafstrauminn í gær vegna krapastíflu í Laxá.

## Miðvikudagur 21.febrúar:

Alþýðublaðið:

Fárviðri með geysilegri snjókomu um vestanvert Suðurland. Snjókoman sumstaðar meiri en í marga undanfarna áratugi. Ekki fært milli húsa í Vestmannaeyjum, Sandgerði og á Eyrarbakka: Fárviðri hefir gengið yfir Reykjanesskagann, Vestmannaeyjar og Árnessýslu undanfarna þrjá sólarhringa. Í Vestmannaeyjum var í nótt færviðri eða um 12 vindstig og snjókoma afarmikil. Á Eyrarbakka og Stokkseyri og upp um Árnessýslu hefir verið aftakaveður og snjókoma svo mikil, að menn muna ekki annað eins á síðustu áratugum. Hefir snjókoman verið svo mikil, að skaflar eru mannháir á götum og nema víða við húsapök. Ófært var milli húsa á Eyrarbakka í morgun. Sama veður hefir verið í Sandgerði. Þar nema skaflar einnig við húsapök og í morgun var engum manni fært húsa í milli. Sá landssímastöðin í Sandgerði sér til dæmi alls ekki fært að senda eftir manni, sem átti heima skammt frá. Líkt veður var í Grindavík og Keflavík. Enn hefir ekki frést um að ofviðrið hafi valdið verulegu tjóni á húsum og mannvirkjum. Frost er hins vegar ekki mikið, 1–5 stig á Reykjanesskaganum og í Árnessýslu. Um Norðurland er skafhríð og 6–7 stiga frost.

## Fimmtudagur 22.febrúar:

Morgunblaðið:

Allir vegir ófærir úr bænum í gærmorgun: Allar bílferðir úr bænum stöðvuðust í gærmorgun vegna þess að snjórinn hafði fokið svo í skafla á vegum, að ófært var bilum. Í bænum var færðin óbreytt frá því daginn áður. Unnið var að snjómokstri í gærmorgun til þess að koma nauðsynlegustu samgönguæðum í lag og voru umferðarvandráðin því ekki eins tilfinnanleg er fór að líða á daginn og fleiri leiðir opnuðust. Bílar komust ekki nema að Sjóklæðagerðinni í gærmorgun; ekki nema rjett inn fyrir Tungu á Suðurlandsbrautinni og í Hafnarfjörð var ófært. Um hádegisbil fóru strætisvagnar að ganga í Sogamýri, Seltjarnarnes og Skerjafjörð. Fyrsti billinn í Hafnarfjörð í gær fór hjeðan klukkan 5 og var 3/4 klst á leiðinni. Snjóbill kom til Hafnarfjarðar um miðjan dag í gær með póst. Morgunblaðið í Hafnarfjörð var sent með manni, sem fór gangandi suður. Mokað var í gær snjó af veginum í Mosfellssveit, m. a. til að hægt væri að flytja mjólk í bæinn, en mjólkurskortur var orðinn tilfinnanlegur vegna samgönguvandræða. Í gærkveldi var enn ófært suður með sjó og ekki komust bílar lengra en að Baldurshaga austur á bóginn. Í Keflavík eru mannhæðar háir skaflar og hefir ekki hlaðið niður jafn miklum snjó þar í fjölmörg ár. Gert er þó ráð fyrir, að mokað að verði á vegum svo fært verði austur á Sandskeið, en þar taka svo snjóbílar við með nauðsynlegasta flutning austur fyrir fjall.

Alþýðublaðið:

Ungur piltur verður úti. Dauðaleit í Biskupstungum í tvo daga bar engan árangur Síðastliðinn laugardag fór tvítugur norskur piltur, Solnæs að nafni, frá heimili sínu, Syðri-Reykjum í Biskupstungum, til Efstafells í Laugardal. Pilturinn kom þangað á tilsettum tíma og dvaldi þar yfir helgina, en hélt þaðan á mánudag og ætlaði heim til sín. Veður var slæmt, hríð og stormur og mikill snjór á jörðu. Leiðin, sem hann þurfti að fara, var ekki löng og allmargir bæir á henni, en hann varð að fara á ferju yfir Brúará. Pilturinn kom ekki fram, og á þriðjudag var hafin leit að honum. Fórg margt manna úr Biskupstungum í leitina, en veður var svo slæmt og fannfergi svo mikið, að menn komust ekki áfram, og bar því leitinn engan árangur. Þegar eldsnemma í gærmorgun var leitinn hafin að nýju, og var fyrst farið á alla bæi, þar sem líklegt var að pilturinn hefði leituð hælís, en það bar engan árangur. Jafnframt var leitað úti á víðavangi, en það fór á sömu lund. Pilturinn er því ná talinn af, enda skall ofsaveður á hann og leið hans gerðist fljótlega alveg ófær.

Í gærmorgun stöðvuðust bílferðir úr bænum vegna skafla, sem hlaðist höfðu upp á vegunum. Komust bílar ekki lengra inn fyrir bæinn en að Tungu og ófært var til Hafnarfjarðar. Í gær var unnið að því að moka snjó af vegunum í Mosfellssveit og víðar. Hafa þessi samgönguvandræði komið sér mjög illa m.a. vegna þess, að ómögulegt var að flytja mjólk í bæinn og hefir verið tilfinnanlegur mjólkurskortur tvo undanfarna daga.

Tíminn:

Um allan suðurhluta landsins er nú mjög þánaður snjór sá, er féll fyrri hluta vikunnar og víða orðið alautt aftur. Norðan lands er enn dálítið frost, og snjór orðinn allmikill víða. Hefir meðal annars leitt af því samgönguteppu á bifreiðaleiðum. Á Akureyri hefir það leitt til nokkurrar mjólkurþurrðar, þar eð vegir eru eigi færir bifreiðum, þegar dregur út frá bænum. Hér í grennd við Reykjavík hefti snjór bifreiðaferðir allar. Var meðal annars ófært austur yfir fjall og sömuleiðis upp í Mosfellssveit og Kjós. Suður með sjó var einnig ófært með öllu, og nokkur tregða varð á ferðum áttunarfarna milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur vegna skafla, er lagði á veginn, þar sem svo hagaði til. Snjómokstur kom heldur eigi að haldi sökum skafrennings. Hefir þetta leitt til þess, að nokkur hörgull hefir gerst á mjólk í Reykjavík, en úr því er bætt nú, er allar samgönguleiðir opnast að nýju með hlákunni. Mjólkurflutningar til Borgarness og Akraness munu einnig hafa niður fallið að nokkru vegna fannkomunnar, sem mun hafa bagað bifreiðaferðir um héraðið, bæði sunnan og ofan Skarðsheiðar.

Þjóðviljinn:

Ofviðri með feikna snjókomu hefur gengið um allt Suðvesturland undanfarna sólarhringa. Hefur hlaðið niður feikna miklum snjó og var svo komið í gær, að 'hvergi varð komist út úr bænum á bíl nema inn að Elliðaám, og ófært var milli verstöðvanna á Suðurnesjum. Mestur varð veðurofsinn í Vestmannaeyjum. Þar varð í fyrri nótt og gær fárviðri (um 12 vindstig). Síðdegis í gær, var veðrinu farið að slota, var þó hvasst um allt land 8–10 vindstig. Var þá komin þíða sumstaðar á Suðvesturlandi, rigning í Vestmannaeyjum, á Reykjanesi og uppi í Borgarfirði Slysavarnafélagið hefur látið út varpa tilkynningum til báta og skipa, og beðið þau um að líta eftir mb. Kristjáni frá Reykjavík, sem gerður er út frá Sandgerði, og ennfremur mb. Sæfara frá Stykkishólmi. „Kristján“ er 15 smálestir að stærð. Hann fór í róður aðfaranótt mánudags, en kom ekki að landi á venjulegum tíma. Slysavarnafélagið hófst þegar handa um leit að bátnum. „Sæbjörg“ hóf leit á mánudagskvöld, og hefur leitað síðan. Skyggni var afarslæmt á miðunum á þriðjudaginn og í gær vegna dimmviðris. „Sæfari“ fór einnig í róður á aðfaranótt mánudags. Var óttast um hann er veður spilltist og hófu bátar frá Stykkishólmi leit að honum á þriðjudag, og fann annar þeirra hann við Bjarneyjar. Báturinn hafði leitað þar skjóls. Forstjóri mjólkursamsölunnar skýrði Þjóðviljanum svo frá í gær að nokkur skortur hefði verið á mjólk undanfarna daga, en mjólkursending væri að koma frá Borgarnesi, og í nótt mundi nást í mjólk úr Kjós og Mosfellssveit. Þyrfti því varla að kvíða mjólkurleysi úr þessu. Unnið var að því í allan gærðag að moka Hafnarfjarðarvegin og aðra vegi út frá bænum, og var Hafnarfjarðarvegurinn orðinn slarkfær í gærkvöldi.

Vísir:

Símasamband er nú ekkert við Ísafjörð og nokkrar fleiri símastöðvar vegna óveðursins. Þetta eru þó allt smávægilegar bilanir og verður öllum fljótlega kippt í lag. Línan milli Hólmavíkur og Arnagerðareyrar er slitin, en um hana er aðalsambandið við Ísafjörð og Vestfirði. Verða sendir menn til viðgerða jafnskjótt og hriðinni slotar vestra. Þar og á Norðurlandi er nú versta veður. Þá hefir og verið sambandslaust við Vík í Mýrdal, en nú hefur verið sendur flokkur til viðgerðar þaðan, svo að samband mun komast á aftur þangað von bráðar. Einhverjar mjög smávægilegar bilanir hafa orðið á öðrum línunum, svo sem Þykkvabæjarlínunni, en viðgerð á þeim mun fljótlega fara fram.

## Föstudagur 23. febrúar:

Morgunblaðið:

Samgöngur eru að komast í eðlilegt horf: Unnið hefir verið að snjó mokstri á helstu þjóðvegum út frá Reykjavík undanfarna daga og eru nú samgöngur að færast í eðlilegt horf aftur. Fært er nú orðið í Mosfellssveit og á Kjalarnes. Í gær var unnið við að moka snjó af vegum milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur og Suðurlandsveginum austur að Sandskeiði og í Ölfusinu. Var búist við að bílar að austan kæmst á Kambabrún í gærkvöldi. Snjókoma á Hellisheiði: Morgunblaðið átti tal við Kolviðarhól í gærðag um 5 leytið. Þá var snjókoma

þar og hiti við frostmark. Fyrr um daginn hafði rignt, eða verið bleytu slydda. 6 manns hafa verið veðurtepptir á Kolviðarhól síðan s.l. mánudag.

Mikill snjór er á Hellisheiði og hefir lítið tekið upp í þíðviðrinu í fyrrinótt og gærmorgun, en nokkuð hafði fokið í skafli. Um 70 manns vinna að snjómokstri á Suðurlandsveginum og er búist við að bílfært verði austur í Skíðaskála á laugardag, þar er nú allt á kafi í snjó

Fjármaður verður úti hjá Galtalæk: Það slys vildi til í óveðri því, er geisað hefir um Suðurland undanfarna sólarhringa, að Stefán Jónsson, vinnumaður á Galtalæk varð úti, er hann var á leið til kinda í fjárhúsi, um hálfra klukkustundar gang frá bænum. Fannst lík hans í fyrradag í skafli. Stefán heitinn var um hálfsextugt og ókvæntur. Hann var gegn maður og vel látinn. Aftakaveður hefir verið á Landi – eins og annarsstaðar sunnanlands síðan um síðustu helgi, ofsarok á landnorðan, með fá dæma snjókyngi og öskubyljum. Hafa menn suma daga ekki treyst sjer til fjárhúsa, og á einum bæ ljet ungur og fullhraustur maður fyrirberast í fjárhúsi skammt frá bænum í tvo sólarhringa. Reyndi hann að komast til bæjar, en varð að snúa aftur, þegar í stað. Talið er, að fjenað hafi fennt frá sumum. bæjum.

Vísir:

Í illviðrinu, sem gekk um landið eftir s.l. helgi urðu tveir menn úti. Var annar frá Syðri Reykjum í Biskupstungum, en hinn frá Galtalæk á Landi. Sá fyrrnefndi var Norðmaður, Olav Sanden að nafni. Hann var um tvítugt og stundaði garðyrkjustörf að Syðri Reykjum. Hafði hann dvalið þar í hálfri ári. Sanden fór á laugardag til Efra-Dals, sem er hálf tíma gang frá Syðri Reykjum og var þar til mánudagsmorguns. Fór hann þá áleiðis heim, en hefir ekki komið fram. Hefir hans verið leitað vandlega af fjölda manns, en árangurslaust. Þá varð og úti Stefán Jónsson, maður hálf sextugur, sem var vinnumaður á Galtalæk. Hafði hann farið út í fjárhús, sem standa um hálf tíma gang frá bænum, en ekki komist til baka. Fannst lík hans í skafli í fyrradag

Slys varð á Akureyri um hádegisbilið í gær og slasaðist Þorvaldur Vestmann, bankagjaldkeri. Undanfarna daga hefir kyngt niður miklum snjó í Eyjafirði. Hafa snjó- og klakaskriður iðulega runnið af húspökum á Akureyri, en ekki orðið slys að fyrri en í gær. Var Þorvaldur Vestmann á gangi framhjá Akureyrarapóteki, Hafnarstræti 104, þegar klakaskriða féll af þaki hússins og á Þorvald. Var Þorvaldur borinn með vitundarlaus á brott og fluttur á sjúkrahús. Reyndist hann alvarlega meiddur á höfði og var enn rænulaus í morgun, þegar fréttaritari Vísis símaði um þennan atburð.

Austanstormur og hríð er ennþá í Eyjafirði í morgun og hefir verið í nokkurra daga. Hefir snjóað mjög mikið, svo að nú hefir tekið fyrir allar bifreiðasamgöngur um bæinn og í nágrenni hans. Þeir litlu flutningar, sem fara fram, eru á sleðum og er þó víðast mjög erfitt að koma þeim við, vegna þess hversu snjórinn er djúpur

## Laugardagur 24.febrúar:

Tíminn:

Tveir menn urðu úti á Suðurlandi í hríð þeirri, er geisaði víða um land í fyrri hluta vikunnar. Norðmaðurinn Olaf Sanden, sem að undanfögnu hefir verið garðyrkjumaður að Syðri-Reykjum í Biskupstungum, varð úti á mánudag [19.] á leið milli Efstadals í Laugardal og Syðri-Reykja. Sú vegalengd er þó aðeins um 3 kílómetrar, en yfir Brúará að fara. Veður var vont og færð þung. Mannsins hefir mikið verið leitað, en sú leit hefir enn eigi borið árangur. Olav Sanden var tvítugur að aldri, mágur Stefáns Þorsteinssonar kennara við garðyrkjuskólann á Reykjum. Á Landi í Rangárvallasýslu varð fjármaður, Stefán Jónsson frá Galtalæk, úti. Fór hann að heiman til gegninga og ætlaði í beitarhús, er standa alllangt frá bænum. Er leiðin á beitarhúsin nær 3 kílómetrar. Lík Stefáns er fundið. Hann var maður á sextugsaldri. Veður var mjög vont, er þessi atburður gerðist, hríðarbylur og sandrok. Hefir svo verið á þessum slóðum lengst af þessa viku. Á sumum bæjum hafa gegningamenn ekki hætt sér til fjárhúsa, þá daga, er veður var harðast, en beitarhús standa víða í uppsveitum austan fjalls alllangt frá bæjum. Á einum stað lét ungur maður fyrirberast í fjárhúsi í tvo sólarhringa, þar eð hann treystist eigi að ná heim sökum veurofsans. Sums staðar mun hafa skefllt yfir fé, en austan fjalls er víða tíðkanlegt, að beitarfé liggi við opið.

Athugasemdir

Vélbáturinn Kristján kom fram að lokum eftir 12 daga hrakning í hafi. Sú saga hefur verið rakin ítarlega annars staðar. Maðurinn sem varð fyrir klakaskriðunni á Akureyri lést af sárum sínum.